



Reykjavík 12. október 2021

Niðurstaða athugunar á tilkynningum Arion banka hf. um skortstöður til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Í október 2020 barst Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) tilkynning frá Arion banka hf. (Arion) um að innra eftirlit bankans hefði leitt í ljós kerfisvillu í útreikningum á skortstöðu bankans. Í kjölfarið tók Fjármálaeftirlitið til skoðunar tilkynningar frá Arion til Fjármálaeftirlitsins um skortstöður á grundvelli reglugerðar Evrópuþings og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (skortsölureglugerðin) sem lögfest var með lögum nr. 55/2017 um skortsölu og skuldatryggingar. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort Arion hefði staðið rétt að tilkynningum til Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 5. gr. skortsölureglugerðarinnar. Niðurstöður lágu fyrir í ágúst 2021.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið að Arion hefði brotið gegn 1. mgr. 5. gr. skortsölureglugerðarinnar. Fólust brot bankans í því að á tímabilinu 13. janúar til 5. júní 2020 fórst fyrir hjá bankanum að tilkynna Fjármálaeftirlitinu í 23 skipti um verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum. Í 17 tilvikum var farið yfir viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 2. mgr. 5. gr. skortsölureglugerðarinnar og í 6 tilvikum farið yfir mörk sem sett voru á grundvelli 3. mgr. 5. gr. skortsölureglugerðarinnar, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá [16. mars 2020](#). Í athugun Fjármálaeftirlitsins kom í ljós að vanhöld Arion banka hf. á tilkynningum leiddi af einni og sömu kerfisvillunni sem tilkynnt var að frumkvæði Arions til Fjármálaeftirlitsins. Arion hefur lagfært umrædda kerfisvillu.

Fjármálaeftirlitið ákvað að ljúka málinu með niðurstöðu um brot á 1. mgr. 5. gr. skortsölureglugerðarinnar án viðurlagabeitingar. Byggði sú ákvörðun á því að bankinn átti frumkvæði að því að tilkynna um brotin til Fjármálaeftirlitsins og að finna og lagfæra umrædda kerfisvillu. Þá leiddu brotin hvorki til hagnaðar né taps fyrir aðila og jafnræði fjárfesta var ekki raskað með brotum bankans.